



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18. september 2019
SFS2019090105
171. fundur
HG/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi leikskóla sem hafa sent börn heim vegna manneklu

Á 168. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu margir leikskólar hafa orðið að senda börn heim vegna manneklu frá 1. september 2019. Hversu mörg börn hafa verið send heim og í hvað margar klukkustundir.

Svar:

Samkvæmt könnun sem var gerð meðal leikskóla 16. – 17. september 2019 hefur einn leikskóli þurft að skerða þjónustu með því að senda 15 börn heim daglega þannig að vistun barns skerðist um einn dag á hálfmánaðar fresti.